

14.5.2010

Samgöngunefnd Alþingis.

Heil og sæl.

Hugmyndin um bundið slitlag yfir Uxahryggi og Lundareykjadalsveg hefur átt erfitt uppdráttar og verið sett til hliðar við gerð samgönguáætlunar, er virðist. Engu að síður er ljóst að þessi veglagning uppfyllir afar vel hugmyndir um nýsköpun og eflingu ferðaþjónustu sem atvinnugreinar vegna fjölmörgu möguleika sem hún skapar. Undanfarin misseri hefur hugmyndinni vaxið mikið fylgi meðal almennings, forráðamanna sveitafélaga og ferðaþjónustunnar. Má nefna að á “þjóðfundi” sem haldinn var í Borgarnesi í janúar s.l. var samstaða um að lagning bundins slitlags á þessari leið væri helsti forgangur í samgöngumálum á Vesturlandi. Þá hefur samgöngunefnd sveitafélaga á Vesturlandi gert þetta að sínu forgangsmáli svo og Samtök ferðaþjónustunnar sem hafa gert þessa veglagningu að sérstöku baráttumáli sínu. Sjá meðfylgjandi bréf frá SAF.

Tenging vegakerfis Suður- og Vesturlands með bundnu slitlagi um Lundarreykjadal og Uxahryggi skapar margháttða möguleika á fjölmörgum sviðum ferðaþjónustunnar í báðum landshlutum og eflir hina gjaldeyrisskapandi atvinnugrein. Það ásamt dreifingu umferðar, orkunotkun á að vera hluti umræðu og ákvarðanatöku við gerð Samgönguáætlunar 2010-2012. Aðrir skýrir kostir veglagningarinnar eru t.d.:

að hún er hagkvæm

að sátt er um umhverfisþátt hennar

að hún er tilbúin til útboðs

Undirritaður hefur veitt forstöðu hópi fólks úr ferðaþjónustu sem ítrekað hefur bent á kosti þessarar vegabótar.

Steinar Berg Isleifsson
Direct : +354 4335800
Home: +354 568 8715
Mobile: +354 893 9733
Fax +354 433 5801
steinar@fossatun.is
www.fossatun.is